


Fermingarblað Vífils

1. tölublað

13. árgangur

1991



Listar yfir fermingarbörn í Garðakirkju 1991

Hátíðarhöld
Sumardagsins
fyrsta í Garðabæ

Ævintýra- og
útlífisnámskeið
Vífils í 3. sinn



Við byggjum öll upp fyrir börnin okkar.

TRAUSTUR BANKI TEKUR VEL Á MÓTI ÞÉR

Í Búnaðarbankanum Garðatorgi eru Garðbæingar á heimavelli. Í rúman áratug höfum við átt ánægjuleg samskipti við bæjarbúa. Í Búnaðarbankanum er það afl sem nauðsynlegt er til að framsækið fólk fái þá þjónustu sem það þarf á að halda.



GÖÐUR GRANNI
BÚNAÐARBANKINN

GARÐATORGI 5 - SÍMI 656600

Bókasafn Garða

V/Vífilstaðaveg
210 Garðabæ
Sími 52687.

Opið:

Mánudaga..... kl. 9 - 19
Þriðjudaga..... kl. 9 - 19
Miðvikudaga..... kl. 9 - 19
Fimmtudaga..... kl. 9 - 19
Föstudaga..... kl. 9 - 19

Lokað á laugardögum.

Lánstími bóka: 30 dagar.

Skemmist bók eða týnist, greiðist hún með nýrri eða andvirði hennar.

Sundlaug Garðabæjar

V/Íþróttahúsið Ásgarð
210 Garðabæ
Sími: 53066.

Opið:

Mánudaga..... kl. 7 - 20.30
Þriðjudaga..... kl. 7 - 20.30
Miðvikudaga..... kl. 7 - 20.30
Fimmtudaga..... kl. 7 - 20.30
Föstudaga..... kl. 7 - 20.30

Laugardaga..... kl. 8 - 16.30
Sunnudaga..... kl. 8 - 16.30

Kæru bæjarbúar

Fermingarblað Vífils kemur nú út í þrettánda skipti og má því segja að það sé orðið að föstum lið í starfi félagsins. Aðalmarkmið blaðsins er að kynna þá þjónustu sem skátarnir í Garðabæ bjóða þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju.

Garðbæingar geta sent skátaskeyti til fermingarbarna eða jafnvel foreldra þeirra og óskað þeim til hamingju með daginn.

Skátaskeytasalan hefur verið aðalfjáröflun Vífils undanfarin ár og hefur stuðningur bæjarbúa vegið þar þungt á metum.

Í blaðinu eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju.

Jafnframt hafa verið fréttir og myndir úr starfi félagsins.

Nú í ár ber helst að nefna frábæran árangur Vífils á Landsmóti skáta, Útilífs- og

ævintýranámskeið Vífils og hina árlegu félagsútilegu.

Skátastarf í Garðabæ hefur verið með öflugra móti undanfarin ár og með því að senda skátaskeyti styrkið þið kröftugt og þroskandi félagsstarf í ykkar byggðarlagi.

Nafnalistarnir í þessu blaði eru eins og þeir lágu fyrir þegar blaðið fór í prentun. Hugsanlegt er að breytingar hafi orðið á listunum frá þeim tíma.

Við viljum minna bæjarbúa á að salan á skátaskeytunum fer fram í skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að Hraunhólum 12 hér í bæ.

Einnig viljum við benda á að hægt verður að fá skrautrituð skeyti eins og áður, en það hefur mælst mjög vel fyrir.

Það er von okkar að við munum eiga jafn ánægjuleg og góð



viðskipti við bæjarbúa eins og undanfarin ár.

Að sjálfsögðu vonumst við svo til að sjá sem flesta Garðbæinga þann 25. apríl næstkomandi en þá mun Skátafélagið Vífill sjá um hátíðarhöldin í tilefni sumardagsins fyrsta.

*Skátakveðja,
Björn Hilmarsson og
Karl Rúnar Þórsson,
félagsforingjar.*



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill
Hraunhólum 12.

Ábyrgðarmaður

Þór Ingólfsson

Ritstjórn

Árni Ingimundarson

Björn Hilmarsson

Gunnar F. Gunnarsson

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Karl Rúnar Þórsson

Kjartan Þór Reinholdsson

Ómar Birgisson

Ómar Gústafsson

Sveinn Geirsson

Myndir:

Björn Hilmarsson

Karl R. Þórsson

Setning:

Björn Hilmarsson

Hátíðahöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ

Skátafélagið Vífill sér um hátíðahöldin á sumardaginn fyrsta eins og undan farin ár. Sterk hefð hefur myndast um þennan dag í Garðabæ og mun dagskráin verða með hefðbundnu sniði, en þó verður ýmislegt nýstárlegt gert í til efni dagsins.

Skátamessa í Garðakirkju.

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Garðakirkju laust fyrir klukkan 11 og skátaguðsþjónusta hefst svo í Garðakirkju klukkan 11.

Þar verður meðal annars vígsla nýrra meðlima og afhentar viðurkenningar fyrir góð störf innan félagsins. Ávarp dagsins flytur að þessu sinni Gunnar Eyjólfsson skátahöfðingi.


Skrúðganga dagsins !

Skrúðgangan hefst svo eins og venjan er klukkan 14 eða klukkan tvö.

Gengið verður frá mótum Karlabrautar og Hofstaðabrautar að skátaheimilinu Vífilsfelli að Hraunhólum 12.

Skátaforingjar úr Vífli mun sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og lúðrasveitin Svanur sér um að allir gangi í takt með því að leika hressandi lög fyrir alla.

Dagskrá við Skátaheimilið
Við skátaheimilið mun lúðra-



sveitin Svanur leika nokkur lög fram að fánaathöfn. Eftir fánaathöfnina verður margt um dýrðir í tilefni dagsins.

Skemmtidagskrá.

Sérstök skemmtidagskrá er fyrirhuguð þar sem eitthvað verður á boðstólum fyrir alla. Ræðumaður dagsins býður alla velkomna og óskar bæjarbúum gleðilegs sumars.

Hægt verður að taka þátt í keppni í þrautum og koddaslagnum sívinsæla.

Sérstök atriði verða fyrir


yngstu börnin.

Einnig er ætlunin að stofna sérstakan skátafélags fyrir "gamla" skáta sem nú búa í Garðabæ

Skátakaffi og kökur.



Skátaheimilið verður opið og hægt að tylla sér niður og fá sér kaffibolla og tertur sem skátar sjá um að baka. Nýr salur verður tekinn í notkun í Vífilsfelli og verður því mun rýmra við tertuhlaðborðin.

Vonumst til að sjá sem flesta !




DEMANTAHÚSIÐ

Reykjavíkurvegi 62
220 Hafnarfirði
Sími: 651313



**GULL-, HVÍTAGULLS-, og SILFURSKARTGRIPIR
MEÐ DEMÖNTUM, PERLUM OG EÐALSTEINUM**



...kjörin leið til sparnaðar er Kjörbók Landsbankans




Betri, einfaldari og öruggari leið til ávöxtunar sparifjár er vandfundin. Háir grunnvextir og verðtryggingarákvæði tryggja góða ávöxtun. Að auki koma afturvirkar vaxtahækkningar eftir 16 og 24 mánuði. Samt er innstæða


Kjörbókar alltaf laus.

 **Landsbanki
Íslands**
Banki allra landsmanna

Óskum Garðbæingum gleðilegra páska.



HREINT TORG
Í FÖGRUM BÆ



GARDATORG

*Fyrirtækja- og
þjónustumiðstöðin
Garðatorgi.*

OKKAR VINSÆLI MATUR FYRIR ALLA MANNFAGNAÐI

Heitur matur, pottréttir, kalt borð,
smáréttir, smurt brauð og
veislutertur.


Matarbakkar fyrir fyrirtæki og
stofnanir.



SKÚTAN
í fararbroddi

VEISLUSALUR / VEISLUEDHÚS
Dalstrauni 15, 220 Hafnarfjörður
símar: 51810, 651810, telefax: 652367

HRÚGALD GOTT SÆTI GÓÐ GJÖF



Sveinn Bólstrari

lönbúð 5, Garðabæ sími 64 16 22

Hvernig á að senda skátaskeytin



Tekið verður á móti pöntunum í skátaheimilinu
Vífilsfelli, Hraunhólum 12 í Garðabæ.

Opið verður milli klukkan 10 og 17.

Einnig verður hægt að hringja í síma 51989 og 52820 og panta skeyti. Ef pantað er í gegnum síma verður að greiða með greiðslukorti og er þá nægilegt að gefa upp kortanúmer og gildistíma.

Verð á skeytunum er:

Vélrituð kr. 400.

Skrautskrifuð kr. 700.

Skeytin verða afgreidd í sérstökum möppum.

Áletrunin á skeytunum er:

Hjartanlegar hamingjuóskir á fermingardaginn.

Einnig verður tekið á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog þá daga sem fermt er í Garðakirkju.

Skátaskeytasalan verður í skátaheimilinu Vífilsfelli sem er að Hraunhólum 12. Minnum á að eingöngu er hægt að greiða símapantanir með greiðslukortum ! Síminn er : 51989 og 52820.

Skátaskeytasalan alfarið tölvuunnin í ár.

Nú í ár er ætlunin að auka enn þjónustuna við bæjarbúa.

Skátafélagið tekur formlega í notkun heimasíðu tölverkfi sem sér um bókanir á pöntunum og útprentanir á skeytum. Einnig sér kerfið um öll skil við greiðslukortafyrirtækin og auðveldar okkur alla vinnslu við undirbúning og framkvæmd á skátaskeytasölunni. Þetta er gert eftir að hafa þróað forrit

síðustu tvö árin og hefur það reynst vel í alla staði.

Önnur skátafélög hafa sýnt kerfinu áhuga og líklegt er að allavega 7 skátafélög á Stórhöfuðborgarsvæðinu komi til með að nota það.

Engin spurning er um að þetta á eftir að bæta þjónustuna við sölu skátaskeytanna.

*Með skátakveðju,
Skeytanefndin.*



Fermingar í Garðakirkju vorið 1991.

<u>Skírdag, 28. mars, kl. 2 e.h.</u>	<u>1. apríl, kl. 10.30 f.h.</u>	<u>1. apríl, kl. 2 e.h.</u>
101 Auðbjörg Björnsdóttir Aratúni 42	201 Alma Björk Ástþórsdóttir Markarflöt 57	223 Arna Þóra Káradóttir Goðatúni 26
102 Ásdís Hreinsdóttir Stekkjjarflöt 7	202 Anna Rún Gylfadóttir Holtsbúð 21	224 Arnheiður Rós Ásgeirsd. Brekkubyggð 61
103 Elín María Björnsdóttir Fífumýri 4	203 Ester Birna Hansen Holtsbúð 14	225 Ágústa Rós Árnadóttir Garðafllöt 31
104 Elsa Steinunn Halldórsd. Krúnesei 5	204 Guðrún B. Hrafnadóttir Bogahlíð 7, R.	226 Brimrún H. Hafsteinsd. Hlíðarbyggð 34
105 Erna Kristjánsdóttir Holtsbúð 34	205 Guðrún K. Guðjónsdóttir Holtsbúð 1	227 Emilía Guðmundsdóttir Faxatúni 16
106 Hrafnhildur M. Gunnarsd. Löngumýri 27	206 Ingibjörg Andrésdóttir Smáraflöt 24	228 Kristín Petrína Hinriksd. Einilundi 2
107 Hrönn Jónasdóttir Holtsbúð 36	207 Íris Stefánsdóttir Krókamýri 14	229 Nína Kristín Björnsdóttir Holtsbúð 50
108 Katrín B. Valdimarsdóttir Brekkubyggð 55	208 Karólína Erlingsdóttir Holtsbúð 65	230 Sigríður Guðmundsd. Skógarlundi 9
109 Sólveig Axelsdóttir Hæðarbyggð 22	209 Matthildur Elín Víðisd. Bæjargili 47	231 Steinunn Björk Halldórsd. Holtsbúð 23
110 Telma Ágústsdóttir Lækjarfit 5	210 Sædís Ólafsdóttir Ásbúð 74	
111 Vilborg Ásgeirsdóttir Ægisgrund 19		232 Einar Örn Einarsson Markarflöt 12
112 Þóra Ágústsdóttir Lækjarfit 5	211 Eiríkur Magnússon Asparlundi 6	233 Friðrik Óttarsson Ægisgrund 17
	212 Friðrik Ómarsson Ægisgrund 17	234 Gunnar Narfi Gunnarss. Smáraflöt 13
113 Árni Baldvin Ólafsson Ásbúð 7	213 Guðleifur Kristjánsson Hrismóum 1	235 Hugi Guðmundsson Holtsbúð 89
114 Einar Bragi Jónsson Smáraflöt 14	214 Guðmundur H. Jónsson Mávanesi 20	236 Jón Ingi Árnason Álakvísl 12, R.
115 Eiríkur Steinsson Hlíðarbyggð 49	215 Hermann Páll Jónsson Brekkubyggð 24	237 Ómar Sunal Kópavogsbraut 70, Kóp.
116 Haukur Guðmundsson Löngumýri 11	216 Ingimar Þór Ingimarsson Holtsbúð 41	238 Sigurjón Sigurðsson Hrúsholti 12
117 Jóhann Pétur Jóhannsson Bæjargili 92	217 Kristján J. Kristjánsson Hegranesi 19	239 Snæbjörn Sigurðsson Dalsbyggð 7
118 Kjartan Már Sigurgeirss. Tjarnarflöt 3	218 Magnús Þór Samúelsson Hlíðarbyggð 10	
119 Magnús Guðlaugsson Gígjulundi 6	219 Núi Jónsson Breiðvangi 18, Hf.	
120 Sigfús Jónsson Lyngmóum 2	220 Ragnar Þórðarson Lyngmóum 4	
121 Sævar Örn Arason Hvannalundi 17	221 Sigurbjörn G Guðmannss. Hraunbæ 5, R.	
122 Tryggvi Viðarson Móaflöt 57	222 Sigurður Jón Sigurðsson Hegranesi 22	

<u>7. apríl, kl 10.30 f.h.</u>	<u>7. apríl, kl 2 e.h.</u>	<u>14. apríl, kl 10.30 f.h.</u>
301 Arnheiður Guðmundsd. Laufási 2	322 Agnes Linda Þorgeirsd. Skaftahlöð 22, R.	401 Ásta Kristín Briem Sunnufliöt 35
302 Ágústa Þuríður Vigfúsd. Löngumýri 14	323 Ásdís Eva Vilhjálmisd. Goðatúni 3	402 Berglind Þóra Steinarsd. Markarflöt 11
303 Bjarnfríður Sveinbjörnsd. Hörpulundi 2	324 Elísabet Halldórsdóttir Heiðarlundi 5	403 Bryndís Sveinsdóttir Aratúni 10
304 Bryndís Ragna Brynjólfsd Sunnufliöt 19	325 Guðrún Björg Eyjólfsd. Pernunesi 13	404 Bryndís Örlygsdóttir Borgarási 10
305 Brynja Sif Kaaper Faxatúni 24	236 Guðrún Karlsdóttir Breiðási 3	405 Erla Kristín Bjarnadóttir Bæjargili 119
306 Helga Gunnarsdóttir Krókamýri 12	327 Hrafnhildur Helgadóttir Brekkubyggð 22	406 Guðbjörg D. Wessman Hrísmóum 1
307 Hrefna Björk Olsen Bæjargili 97	328 Kolbrún Ýr Guðmundsd. Brekkubyggð 8	407 Halla Árnadóttir Fífumýri 13
308 Kolbrún Ýr Jónasdóttir Markarflöt 31	329 Lena Björk Bjarnadóttir Pernunesi 7	408 Inga Dóra Guðmundsd. Háholti 2
309 Linda Björk Jóhannsdóttir Hraunsholtsvegi 1	330 Ríkey Hlín Sævarsdóttir Löngumýri 21	409 Rakel Rán Guðjónsdóttir Bæjargili 93
310 Ragnheiður Þ. Ragnarsd. Efstalundi 4	331 Sigríður Ásdís Jónsdóttir Hegranesi 24	410 Rakel Svansdóttir Kjarmóum 38
311 Rut Steinsen Tjarnaflöt 11	332 Sonja Iðunn Geirsdóttir Furulundi 8	411 Sigrún Edda Elíasdóttir Kirkjulundi 4
312 Steinunn Ketilsdóttir Heiðarlundi 4	333 Aðalsteinn R. Eyjólfsson Sléttahrauni 25, Hf.	412 Birkir Rúnar Gunnarsson Ásbúð 75
313 Björn Arnar Hauksson Pernunesi 5	334 Atli Freyr Þórðarson Ásbúð 29	413 Haukur Friðrik Smáráson Ásbúð 20
314 Borgþór Grétarsson Eskiholti 9	335 Árni Baldvin Ólafsson Ásbúð 7	414 Jens Sigurðsson Kjarmóum 40
315 Brynjar Kjærnested Prastarnesi 16	336 Benedikt Ármannsson Hrísmóum 10	415 Jónas Geir Einarsson Marargrund 14
316 Brynjúlfur Jónatansson Hlíðarbyggð 3	337 Eiríkur Örn Arnarson Holtsbúð 95	416 Kjartan Árni Þórarinnsson Bæjargili 109
317 Gísli Jónsson Tjarnaflöt 8	338 Eyjólfur Ari Bjarnason Ásbúð 46	417 Páll Sigurjónsson Bæjargili 73
318 Jón Már Guðmundsson Eskiholti 4	339 Guðmundur G. Guðm. Dalsbyggð 4	418 Sigurjón Örn Sigurjónss. Háholti 5
319 Kristinn Pálsson Hagaflöt 12	340 Ingiberg Steinar Bjarnas. Holtsbúð 47	419 Viðar Örn Guðnason Fífumýri 10
320 Magnús Haraldsson Haukanesi 24	341 Leon Einar Pétursson Krókamýri 8	420 Örvar H. Hilmarsson Bakkaflöt 11
321 Stefán Fannar Stefánss. Löngumýri 13	342 Reynir Freyr Pétursson Ásbúð 58	
	343 Unnþór Torfason Garðhús 6, R.	

Pegar skátaskeyti er pantað er gott að hafa númerið sem er við nafnið.

Það flýtir fyrir afgreiðslunni hjá okkur skátunum..

Vekjum athygli á því að þær skammstafanir á nöfnum sem eru hér í blaðinu eru eingöngu vegna plássleysis í dálkunum.

Að sjálfsgöðu verða engar skammstafanir á skeytunum sjálfum.

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils 1991

Útilífs- og ævintýranámskeið haldið í þriðja sinn !

Útilífs- og ævintýranámskeiðin eru skemmtileg námskeið sem Skátafélagið Vífill hefur haldið í samvinnu við Íþrótt- og tómstundaráð tvö undanfarin sumur. Námskeiðin eru fyrir 8-12 ára krakka í Garðabæ og byggjast upp að mestu á útiveru, ferðum, þrautum, leikjum og verkefnum en margt af þessu hefur þróast í gegnum árin í skátahreyingunni.

Síðastliðið sumar tóku 60 börn þátt í Ævintýranámskeiðinu og tók hvert námskeið 10 virka daga. Þátttakendum var skipt upp í flokka eftir aldri og getu en flokkarnir störfuðu saman allt námskeiðið. Námskeiðin hófust kl. 9.30 á morgnana og stóðu til klukkan 16 á daginn. Á þeim tíma var ýmislegt gert. Hver dagur hófst með fánaathöfn og svo var farið í leiki eða verkefni leyst og síðan lagt af stað í ferðir.

Helgi skoðar heiminn.

Í fyrri var farið í ýmsar ferðir s.s. hellaferð, fjöruferð, borgarferð, sundferð, "hikeferð", hjólaferð og kynnisferðir í



Þyngdarlög málið sannreynt !

slökkvistöðina í Hafnarfirði og til Hjálparsveitarinnar í Garðabæ. Hápunkturinn var samt sem áður tveggja daga útilega við skátaskála félagsins Vífilsbúð, sem er í Heiðmörk, en þar var gist í tjöldum, grillað úti og gert flest það sem tilheyrir alvöru skátaútilegum.

Í hellaferðinni voru Maríuhellar og Fálkahellir skoðaðir.

Í fjöruferðinni var Álftanesfjaran og fjaran við Oddakot skoðaðar og í borgarferðinni var farið í Grasagarð Reykjavíkur og síðast en ekki síst var Náttugripasafn Íslands heim sótt.

Útilífsnámskeið enn á ný !

Í sumar verður farið af stað með enn eitt Útilífs- og ævintýranámskeið og þar sem góð reynsla er komin á námskeiðin treystum við okkur til að gera enn betur í sumar.

Boðið verður upp á svipaða dagskrá og áður þó verður enn meiri áhersla lögð á ferðir og útilíf að skáta síð og til þess að þetta ævintýri gangi vel verða reyndir skátafóringjar við stjórnvölinn allan tímann.

Vertu með í sumar.

Gert er ráð fyrir að halda 3 - 4 námskeið næsta sumar og verður þáttökufjöldi takmarkaður við 25 börn á hverju



Skyndihjálparæfing.



Hellaferðin.

námskeiði, því við leggjum metnað okkar í það að sinna öllum okkar þátttakendum vel.

Skráning

Skráning í Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils verður á sama stað og tíma og skráning í Íþrótt- og leikjanámskeið Garðabæjar.

Auk þess er hægt að afla upplýsinga um námskeiðin í Skátaheimilinu Vífilsfelli í síma 51989.

Í upplýsingabæklingi sem Íþrótt- og tómstundaráð gefur út í vor verða nánari upplýsingar um útilífs og ævintýranámskeið Vífils.



Í tengslum við náttúruna.



Hvað segir þú nú gott í dag ?



Fimm fræknar bregða á leik !

Engir tveir einstaklingar eru eins!

Í okkar augum er munurinn augljós.


Við gerum okkur glögga grein fyrir því að einstaklingar eru eins ólíkir og þeir eru margir. Og því er þörfin fyrir fjármálaþjónustu mjög mismunandi.

Þetta er staðreynd sem starfsfólk Íslandsbanka hefur að leiðarljósi í sínu starfi.

Íslandsbanki mætir því kröfum markaðarins með nýjungum og persónulegri þjónustu sem einkennist af þekkingu, vandvirkni og lipurð.

Þess vegna njóta einstaklingar góðs af þjónustu Íslandsbanka.


ÍSLANDBANKI
- í takt við nýja tíma.



Myndir úr starfi
skátafélagsins
Vífils frá liðnu ári.



Stjórn Vífils skipa

Björn Hilmarsson
Félagsforingi

Karl Rúnar Þórssón
Aðst. félagsforingi

Páll Jóhann Hilmarsson
Ritari

Þór Ingólfsson
Gjaldkeri

Halldór S. Magnússon
Meðstjórnandi.

Jón Þór Ólason
Meðstjórnandi.

Félagsútilega Vífils 1991.

skp. vífill 25 ára

Nú hefur skapast sú hefð hjá okkur í Skátafélaginu Vífli að fara í félagsútilegu einhvern tíma sem næst afmælisdegi stofnanda skátahreyfingarinnar, Baden Powels, sem er 22. febrúar.


Svo heppilega vildi til að þessi dagur var á föstudegi og var því skálinn pantaður strax í september í fyrra.

Tilhökkunin var mikil hjá þeim tæplega 50 skátum sem fóru í þetta skiptið. Í ár fóru mun fleiri en undanfarin ár og er greinilegt að skátastarf í Garðabæ er í mikilli sókn og er það ánægjulegt.

Farið var í skátaskálana á Úlfjótsvatni (DSÚ) sem eru með best útbúnu skátaskálum á landinu.

Komið var uppeftir á föstudagskvöldinu og var mikið fjör í hópnum eins og vanalega. Fyrst röðuðu félagsforingjarnir öllum flokkum í herbergi en strax á eftir var farið út að sprella. Eftir að allir höfðu fengið kvöldhressingu var farið að sofa.

Á laugardagsmorgninum var farið á fætur klukkan 8 og strax byrjað á hinum hefðbundnu atriðum sem einkenna allar skátaútilegur, þ.e. skálaskoðun, fánaathöfn, morgunleikfimi og svo morgunmat. Eftir morgunmat var farið í póstaleik sem var haldinn inni í skálunum. Þar lærðu skátarnir hin ýmsu "skátatrikk" sem nýtast manni í allri útiveru. Því næst var blásið til hádegisverðar, sem eldaður var af miklum gæðakokkum sem sáu algjörlega um allt sem sneri að mat í þessari útilegu. Eftir hádegið var farið í göngugferð þar sem hver



flokkur fór sína eigin leið. Í þessari göngu var svo reynt á það sem skátarnir höfðu lært um morguninn. Eftir gönguna var síðdegiskaffi og svo var kærkomin "pása" fram að kvöldmat.

Þegar lokið hafði verið við að skófla í sig kvöldmatnum var komið að kvöldvöku. Þar var sungið þar til raddirnar brustu og það í bókstaflegri merkingu. Síðan var farið út í stjörnuskoðunarferð og loks farið inn og drukkið heitt kakó. Því næst var kyrrð sem tók nokkurn tíma því ekki voru allir á því að fara að sofa strax.

Það tókst þó að lokum en ekki fyrir en að sumir voru orðnir frekar fúllir yfir því hversu ákveðnir foringjarnir voru með kyrrðina.

Strax klukkan 8 var vaknað á sunnudeginum og var það erfitt fyrir þá sem síðastir sofnuðu.

Hófust svo hin sígildu morgunverk sem enduðu með morgunmat. Að honum loknum var farið í ógurlega kraftakeppni þar sem fundinn var sterkasti skáti Vífils (fyrir utan hina ógurlega sterku foringja).

Athygli vakti frammistaða hjá ungri skátastelpu og er víst að það verður ekkert grín að lenda í henni í framtíðinni.

Hádegismaturinn var síðasta máltíðin í útilegunni og voru nú sumir orðnir all útbelgdir.

Síðan hófst allsherjar tiltekt á skálunum og lokaskálaskoðun.

Útilegunni var slitið með því að viðurkenningar voru veittar,

Fánarnir voru síðan teknir niður og strax að því loknu var hældum við heim á leið glöð í bragði eftir mjög vel heppnaða útilegu.

Á. Ingimundarson
og S. Geirsson.



FRÁBÆR ÁRANGUR SKÁTA ÚR

Þann 1. - 8. júlí síðastliðinn var haldið Landsmót Íslenskra skáta og var það að þessu sinni að Úlfjótssvatni.

Undirbúningur Vífils.

Mikill undirbúningur hófst hjá félaginu mörgum mánuðum áður. Það þurfti að sjá til þess að allir hlutir fyrir tjaldbúðina væru í lagi. Hvort gera þyrfti við stóra félagstjaldið eða hvort gaseldunartækin væru í lagi. Síðast en ekki síst þurfti að undirbúa flokkana vel því ekki er hlaupið í það að fara að heiman í heila viku og þurfa að sjá um sig að öllu leyti sjálfur. Þarna þurftu skátarnir sjálfir að leysa öll þau vandamál sem gætu komið upp.

Farangurinn fyllti vörubúspall. Heilan vörubúll þurfti til að flytja allan sameiginlegan farangur, þ.e. borð og stóla, stóra tjaldið, eldunartæki, slökkvitæki, girðingarstaura og fleira á staðinn. Til viðbótar komu svo tjöldin okkar og bakpokar þannig að mikið fylgdi okkur.

Tjaldbúðin sett upp.

Byrjað var á því að setja upp félagssvæði Vífils en öll félög leggja metnað sinn í að gera



Þátttakendur Vífils á Landsmóti skáta 1990.

þau sem best úr garði.

Daglega var tjaldbúðaskoðun og fékk Vífill verðlaun dagsins í eitt skiptið

Mótssvæðinu var skipt í fimm tjaldbúðarþorp sem öll hétu nöfnum sögupersóna úr sögunni Lísu í Undralandi, en rammi mótsins var einmitt Undraland.

Mótið "Undraland" hefst.

Mótið var sett með hátíðlegri athöfn og sást þá í fyrsta skipti hversu margir voru á svæðinu. Alls voru 2000 skátar og þar af 300 erlendir m.a. frá Kanada, Ástralíu og víðar.

Ótrúlega fjölbreytt dagskrá.

Alla daga var stanslaus dagskrá í gangi og þurftu skátarnir að hafa sig alla við til að framkvæma allt sem var í boði. Dagskrárvæðin voru alls fimm og var hvert tjaldbúðarþorp einn dag á hverju. Fyrst má nefna Þrauta- og Metaland þar sem keppt var í margvíslegum þrautum og allt kapp lagt á að setja ný met. Sem dæmi var að gá hve margir skátar kæmst inn í símaklefa. Metið var 23. Þrautabraut, 100 m rennibraut og fleira var á þessu svæði.



VÍFLI Á LANDSMÓTI SKÁTA '90!

Önnur dagskráarsvæði voru Undraland þar sem allt reyndist mjög undarlegt. Fótbolti sem var 1.5 m á hæð. Risagolf og skátar leiddir inn í risagöng úr vegagerðarrörum o.m.fleira.

Í Vatnalandi urðu allir blautir. Þar var m.a. 100 m göngubrú frá landi yfir í eyju í Úlfljótsvatni. Bátasiglingar og vatnasafari og rennibraut sem endaði beint út í hinu kalda Úlfljótsvatni.

Í Tæknilandi var mikið um að vera, tölvu, myndbanda- og ljósmyndunarverkefni. Hægt var að tala við skáta frá öðrum löndum í gegnum talstöðvar eða leita að hlutum með málmleitarækjum.

Ísland hét eitt svæðið og var þar lögð megin áhersla á trjárækt og verkefni tengd því.

Önnur svæði voru Hækland og Skátaland og Keppnisland.

Má því segja að dagurinn dugði varla til að gera allt sem í boði var.

Vífill áberandi á Landsmóti Skátar úr Vífli eru að sjálfsögðu svolítið montnir, því að mótsstjórinn, dagskrárstjórinn, framkvæmdastjórinn, landsstjóri Undralands og landsstjórar Þrauta- og Metalands eru allir skátar úr Vífli í Garðabæ.

Mótið var því oft nefnt í gríni "stærsta Vífilsmótið til þessa".

Frábær árangur flokka úr Vífli. Skátaflokkurinn Sammi úr Vífli náði bestum árangri í Þrauta- og Metalandi og skátaflokkurinn Fornmenn náði besta árangri í Vatnalandi. Einungis voru veitt verðlaun fyrir 4 dagskrárlönd og fékk Vífill því helming allra verðlauna sem veitt voru á mótinu fyrir flokka-keppnina.

Þegar tekið er mið af því að alls tóku 186 flokkar þátt í keppninni þá er hér um að ræða frábæran árgangur og ljóst er að Garðbæingar geta verið stoltir af skátafélaginu sínu.



Eftirtalin fyrirtæki styrktu útgáfu þessa:

Álstoð hf., Gilsbúð 5. S: 656800.

Bókabúð Böðvars, Reykjavíkurvegi 64. S: 651630.

Hársnyrtistofan Andromeda, Iðnbúð 4. S: 43755.

Múrklæðning hf, Smiðsbúð 3. S: 42626.

2 Góðar fermingagjafir

ajungilak. Svefnpokar
KARRMOR Bakpokar



SCOUTLUX
+ 25°C - + 8°C
Þyngd 1.900 gr.
Verð kr. 7.940.-

FEMUND
+ 25°C - + 10°C
Þyngd 1.800 gr.
Verð kr. 10.840.-

IGLOO
+ 25°C - + 18°C
Þyngd 2.000 gr.
Verð kr. 12.980.-
Feringatillboð kr. 10.990.-




TRAIL 50
50 lítrar
Þyngd 900 gr.
Verð kr. 6.990.-

PANTHER 3
65 lítrar
Þyngd 1.800 gr.
Verð kr. 12.590.-

PANTHER E55
55 lítrar
Þyngd 1400 gr.
Verð kr. 7.780.-
Feringatillboð 6.990.-

Raðgreiðslur. Póstsendum samdægurs.



-SKARAR FRAMÚR

Snorrabraut 60

Símar: 12045 — 624145

